

Einstaklingurinn í fyrirrúmi

Okkar leiðarljós í skólastarfinu er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi. Þegar nemandi hefur skólagöngu í Tjarnarskóla leitast kennarar við að kynnast nemandanum, námslegri stöðu hans og sterkum/veikum hliðum. Góð mannleg samskipti eru ávallt órjúfanlegur hluti af þessu ferli. Til þess að mæta ólíkum einstaklingum sem standa mjög mismunandi að vígi þegar þeir hefja sína Tjarnarskólagöngu leitumst við við að finna námsefni við hæfi hvers og eins, allt eftir því hvar viðkomandi er staddur. Hver kennari skipuleggur námið hjá hverjum nemanda og við annarlok tekur hver nemandi próf úr því námsefni sem hann hefur komist yfir á önninni (mjög breytilegt eftir einstaklingum). Hver nemandi fer gjarnan yfir námsefnið á sínum hraða en meginlínur í skólastarfinu eru settar fram í námsvísunum í hverri námsgrein. Hægt er að nálgast námsvísa á heimasíðunni okkar. Ef nemandi er mjög afkastamikill fær hann tækifæri til að stunda fjarnám í framhaldsskóla. Nokkrir nemendur hafa farið þá leið að stytta grunnskólagöngu sína með því að ljúka grunnskólanáminu sínu ári fyrr en jafnaldrar þeirra.

